



ALLIR ERU ÖÐRUVÍSI

Sérkennsla í leikskólum

Orðatiltæki

Allir eru öðruvísi, enginn er eins.
Að reyna að gera okkur þannig, er ekki til neins

Sylvía Hera Skúladóttir
Verkmenntaskóli Austurlands

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skóli án aðgreiningar	2
Snemmtæk íhlutun	3
Almennt um sérkennslu í leikskólum	4
Sérkennsla í Vallarseli	5
Markmið sérkennslunnar	5
Aðgengi að sérkennslustjóra og hlutverk gagnvart starfsfólki	6
Samantekt	6
Heimildarskrá	8

Inngangur

Hér á eftir verður farið yfir það hvernig sérkennsla innan leikskóla fer fram, hvernig leikskólar vinna með börn með sérþarfir og hvað hugtakið skóli án aðgreiningar merkir. Farið verður yfir það hvernig snemmtæk íhlutun virkar, hvert hlutverk sérkennslustjóra er auk þess að kynna niðurstöður úr könnun á starfsemi leikskólans Vallarsels á Akranesi. Skoðuð eru markmið sérkennslunnar sem unnin er á Vallarseli og hver upplifun starfsmanna á sérkennslunni er. Markmið þessarar rannsóknarvinnu er ekki að fá alhæfar niðurstöður úr sérkennsluvinnu heldur að fá betri skilning á sérkennslu innan leikskóla og þá helst innan leikskólans Vallarsels á Akranesi.

Skóli án aðgreiningar

Út frá hugmyndafræði skóla án aðgreiningar eru markmið sérkennslu að minnka áherslu á sérþarfir nemandans og upphefja tækifærin sem hann hefur til að taka þátt í hinu almenna skólakerfi. Í lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla segir að virða skuli rétt allra nemanda sem dvelja leikskólanum, óháð kyni, bakgrunni, aðstæðum og getu og að reyna eigi að koma til móts við þarfir allra nemenda. Leikskólar eiga allir að starfa í anda skóla án aðgreiningar og því eru engir sérskólar á leikskólastigi. Sveitarfélögum ber að tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum og stuðla að því að hún fari fram innan skólanna. Með sérfræðipjónustu er átt við stuðning við nemendur og fjölskyldur þeirra sem og stuðning við starfsemi skólanna og starfsfólk þeirra. Sérfræðipjónusta skal vinna að því að efla leikskóla sem faglega stofnun sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem koma upp í skólastarfinu og aðstoða starfsfólk við störf sín eftir því sem við á. Í stuðningi við starfsfólk leikskóla felst meðal annars ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda með sérþarfir. Ráðgjöf og kennsla fyrir starfsfólk fer oftast fram á starfsdögum, með námskeiðum og einnig með því að hvetja starfsmenn til að sækja sér þekkingu í gegnum Símenntunarmiðstöðvar og/eða endurmenntun háskólanna. Segja má að leikskólastigið sé það námsstig sem hefur unnið afgerandi vel í stefnunni skóli án aðgreiningar, en það einkennist á því að áður fyrr var einblínt á það sem var öðruvísi hjá nemendunum og reynt að laga það eða þá að þeir nemendur sem höfðu sérþarfir fengu ekki að vera í leikskóla með hinum sem ekki höfðu neinar greiningar. Núna er aftur á móti unnið að því að aðlaga vinnu innan deilda að sérþörfum nemendanna án þess þó að ætla sér að breyta einstaklingunum og er þeim hjálpað við að finna sig og sinn stað í samfélaginu. Nemendur fá allir sömu umönnun og jöfn

tækifæri. Leikskólar eiga að vera þannig byggðir að þeir geti sinnt fötluðum nemendum og eiga allir nemendur að geta fengið viðfangsefni við hæfi. Það sem stendur skóla án aðgreiningar helst fyrir þrífum er að stundum er ekki gott að deila sérkennslu eða stuðningi á marga starfsmenn vegna eðli leikskólastarfsins, fjarverur, fundir og fleira. Þá er oft mikill erill á deildum, margir nemendur saman á litlum svæðum þar sem lítið næði gefst til að miðla eða yfirfæra þekkingu á milli starfsfólks og þeirra nemenda sem þurfa sérkennslu, kennslurými eru ekki fullnægjandi til að sinna þeirri sérkennslu sem á að fara fram í daglegu starfi.

Snemmtæk íhlutun

Með því að fylgjast vel með þroska nemenda strax frá fæðingu getum við greint frávik í þroska um leið og þau eru sýnileg og gripið til viðeigandi áætlunar. Þar kemur mikilvægi fjölskyldunnar mest fram. Það er sjáanlegur munur á framförum nemenda allt eftir því hvort foreldrar eru jákvæðir og virkir þegar kemur að snemmtækri íhlutun barna sinna. Mikilvægt er að kenna foreldrum réttar og sérhæfðar aðferðir í þeirri vinnu sem þarf að eiga sér stað, því foreldrar eru ekki sérfræðingar í öllu þó þeir þekki börnin sín best. Markmið snemmtæktrar íhlutunar skulu vera skýr og ávallt skal skrifa þau niður sem og íhlutunarleiðir svo að auðvelt sé að nálgast og rifja upp þær aðferðir sem notast á við. Samstarf milli leikskóla og heimilis skilar nemendum mun betri árangri og í sumum tilfellum getur markviss snemmtæk íhlutun komið í veg fyrir námserfiðleika síðar meir. Starfsfólk leikskóla er oft það fólk sem tekur fyrst eftir því þegar þroskaskerðing gerir vart við sig og er það vegna þekkingar þeirra á fjölbreytileika nemendanna sem og því að starfsfólk er oft hlutlausara en foreldrar þegar kemur að því meta á nemendur.

Nemendur eru metnir eftir því hvar þeir eru staddir og gerðar raunhæfar kröfur til þeirra miðað við sérþarfir hvers og eins. Langtímamarkmið eru sett í upphafi og svo er unnið með skammtímamarkmið til að ná þessu langtímamarkmiði sem lagt var upp með, því sigrarnir eru það sem hvetur nemendurna áfram. Ef þeir ná ekki að sigrast á því sem þeir eru að reyna að gera þá eru meiri líkur á því að þeir gefist upp. Einnig er mikilvægt að nýta sér vel þann tíma sem nemandinn er í sem bestu andlegu og líkamlegu jafnvægi því lítill árangur næst ef við ætlum okkur að þvinga nemandans til náms. Með þvingunum skemmum við bæði áhuga hjá nemendum og getum dregið verulega úr árangri íhlutunar.

Almennt um sérkennslu í leikskólum

Sérkennsla felur í sér að nemendur með sértækar þarfir hafa rétt á þjónustu innan leikskólans sem metin er af viðurkenndum greiningaraðilum og skulu allir leikskólar hafa rými fyrir sérkennslu og aðra sérfræðipjónustu sem nemendur gætu þurft á að halda. Sérkennsla í leikskólum er unnin að mestu leyti innan deilda með öðrum nemendum, sem ekki þurfa á sérkennslu að halda. Sé farið með nemenda í sérkennsluherbergi er verið að vinna með eitthvað ákveðið þema/verkefni/ sem þarfnast ýmist fullrar einbeitingar eða þess að truflun sé í lágmarki. Oft er unnið með markvisas málörvun í gegnum leiki og spil og er þá oftast unnið maður á mann. Hugmyndin um að láta einstaklingsmiðaða námsskrá falla inn í kennslu á deildinni er skóli án aðgreiningar. Leikskólar vinna mest, ef ekki að öllu leyti, með nemendum í gegnum leik. Flestir nemendur eiga auðveldara með að læra og ná tökum á nýjum hlutum fái þeir að leika sér að þeim. Sem dæmi má nefna að málörvun getur farið fram með því að skoða myndir og fá nemenduna til að segja frá því hvað þeir haldi að sé að gerast á myndunum, fínhreyfingar eru æfðar með því að leyfa nemendum að lita, perla, þræða eða fleira í þeim dúr. Með því að fara með nemendur í könnunarferðir um umhverfið er hægt að kenna þeim að þekkja umhverfi sitt og mögulega geta eldri nemendur lært um sögu samfélagsins þar sem þeir búa. Vettvangsferðir eru farnar með það að markmiði að þau kynni sér hvað gerðist á árum áður í nágrenni við leikskólann eða í sveitarfélaginu þeirra. Þeir geta líka æft grófhreyfingar með því að leika sér í óspilltri náttúru eða með því að gefa þeim færi á því að klifra, hoppa og hlaupa svo eitthvað sé nefnt. Félagssfærni er eitt af því sem nemendur læra í leikskóla og er það mikilvægur þáttur í lífi hvers einstaklings sem er æfð á ýmsa vegu. Margir nemendur eiga erfitt með að mynda tengsl í stórum hóp og fá þá tækifæri til að æfa sig að eiga samskipti við aðra nemendur með því að leika í minni hópum.

Tilraunir, vettvangsferðir, námsleikir og áþreifanlegt nám hentar nemendum með raskanir vel því þar er unnið með fleiri skynfæri í náminu. Nám í leikskóla fer að mestu í gegnum þessa þætti. Fjölbreyttar kennsluáðferðir og leikir eru sennilega helsta ástæða þess að nemendur með raskanir gengur betur að læra á leikskólastigi en öðrum stigum náms þar sem meiri krafa er gerð á bóklegt nám en skynfæranám.

Sérkennsla í Vallarseli

Rétt eins og í öllum leikskólum landsins eru nemendur í leikskólanum Vallarseli á Akranesi sem þurfa á sérkennslu að halda. Leikskólinn vann að þróunarverkefni um tvítyngda nemendur. Nemendur sem alast upp í tvítyngi þurfa oft aukna tungumála þjálfun þar sem þeir alast upp með tvö tungumál eða jafnvel fleiri í umhverfi sínu. Auk þess eru nemendur með ýmiskonar þroskafrávik í leikskólanum sem leikskólinn sinnir af heilum hug. Í námsskrá leikskólans kemur m.a. fram að „Við lítum á fjölbreytileikann meðal barnahópsins sem tækifæri til öflugra skólastarfs þar sem allir taka þátt á eigin forsendum, hafa jafnan rétt til náms og njóta virðingar hvers annars.“ Vallarsel er 6 deilda leikskóli með tónlistarstefnu og er einn af 4 leikskólum á Akranesi. Í Vallarseli vinna 40 starfsmenn og af þeim eru 17 sem eru fagmenntaðir. Í Vallarseli er unnið með markvisst með snemmtæka íhlutun og gripið er inn í sem fyrst hjá þeim nemendum sem grunur leikur á að þurfi á sérstökum stuðningi að halda. Viðhorf starfsmanna til þeirra nemenda sem eru með sérþarfir hefur mikið að segja um árangur vinnunnar og eru þeir starfsmenn innan Vallarsels sem sinna sérkennslu sammála um að flest allir séu mjög jákvæðir í garð þeirrar vinnu sem á sér stað og þekking innan hópsins sé góð. Hér á eftir verður farið betur í markmið sérkennslunnar og hvert hlutverk sérkennslustjóra gagnvart starfsmönnum er.

Markmið sérkennslunnar

Markmið sérkennslunnar í Vallarseli er að efla málþroska, málskilning og máltjáningu, hljóðkerfisvitund og orðaforða. Áhersla er lögð á að koma til móts við nemendur sem eru með frávik í þroska á einhverju sviði og efla færni þeirra á þeim sviðum sem þau standa ekki jafnfætis jafnöldrum sínum. Unnið er út frá styrkleikum nemendanna og lagt er mikið upp úr að veita nemendum jákvæða athygli þegar vel gengur. Mikilvægt er að umhverfið sé aðlagð að þörfum nemenda þannig öðlast nemendur færni í daglegum samskiptum og sjálfstraust þeirra eykst. Veru þeirra í leikskólanum verður ánægjulegri. Stuðningur nemenda fer fram í daglegu starfi jafnt á deild hvers nemenda sem og í sérkennslustundum í sérkennsluherbergi. Sérkennslan fer bæði fram í hóp og í kennslu sem unnin er í einstaklingsþjálfun. Innan deilda fer kennslan fram í gegnum leik og almennt starf. Inni á deildum er mjög gott að æfa samskipti milli nemenda með aðstoð starfsmanna, séu samskipti hluti þess sem vinna þarf með.

Á deildum er líka sett upp sjónrænt dagskipulag með myndum. Á þann hátt er bæði umhverfi og verkefni nemendanna gerð sýnileg og fyrirsjáanleg. Sjónrænt skipulag er einnig gott að í fataherbergjum og á salerni til að nemandi geri sér grein í hvaða röð hann á að klæða sig í fötin eða hvernig skuli nota salerni eða þvo sér um hendur. Stundum þurfa einstaka nemendur að fá tækifæri til að vera í litlum hópum til að þeir haldi sér við efnið og þá er komið til móts við þá, hvort sem það er með því að borða í matartímum við lítið borð með fáum eða hlusta á sögu í litlum hópum. Sumir nemendur eiga erfitt með að vera í miklu áreiti lengi og þá er samveru tíminn styttri hjá þeim en hjá öðrum nemendum. Með því að nýta okkur þessar ólíku leiðir til að koma til móts við hvern einstakling fyrir sig þá auðveldar það okkur að vinna með alla þroskaþætti, sjálfshjálp og félagsfærni. Vinnan í sérkennsluherbergi fer að mestu leiti fram við borð og er þá til dæmis notast við spil, bækur og snjalltæki, en þetta er gert til að þjálfa framburð, almenna tjáningu, tjáningu á tilfinningum og til að æfa fínhyringar.

Aðgengi að sérkennslustjóra og hlutverk gagnvart starfsfólki

Starfsmenn innan Vallarsels eru sammála um að aðgengi að sérkennslustjóra leikskólans sé mjög gott og að hún sé alltaf tilbúin til að hjálpa þegar einhver sé með spurningar. Hún gefur starfsfólki punkta, leiðbeiningar, ráðleggur og bendir á hvar hægt sé að nálgast greinagóðar upplýsingar. Hún bendir á hvernig þurfi að vinna með ákveðna nemendur og hvað hægt sé að gera fyrir þá eða hvernig setja eigi þeim ákveðin markmið. Með því að ráðfæra sig við hana finnst starfsfólki það geta metið hvort það sé á réttri leið í vinnu sinni með þá einstaklinga sem þeir sinna. Starfsmenn eru almennt ánægðir með það hversu jákvæð hún er varðandi hugmyndir frá þeim þegar kemur að útfærslu á sérkennslustundum, og er hún öll af vilja gerð til að hjálpa til við að gera þær hugmyndir að veruleika.

Almenn ánægja er innan hópsins með störf sérkennslustjóra en þó myndu starfsmenn sem hafa séð um sérkennslu innan deilda vilja fá að sitja markviss skipulagða fundi með sérkennslustjóra til að fara yfir stöðuna reglulegar en nú er gert. Þessir fundir gætu einnig verið nýttir til að miðla tækni sem aðrir innan leikskólans eru að nýta sér og læra betur hver af annari þar sem þekking hópsins nýtist kannski ekki nægilega vel ef þær hittist ekki reglulega.

Samantekt

Þegar lítið er til baka þá er var mjög gaman að kynna sér þetta sértæka starf innan leikskólans og fá betri innsýn inn í það hvað felst í því að vera með sérkennslu innan leikskóla. Mikil og flott vinna á sér stað í sérkennslunni sem ég tel að foreldrar geri sér oft ekki grein fyrir. Við

vinnu að þessari ritgerð var ég á vettvangi og fylgdist með, sat með nemendum og sérkennurum í sérkennslustundum, lagði spurningarlista fyrir starfsmenn sem sinna sérkennslunni auk þess að hafa greiðan aðgang að sérkennslustjóra. Með því að vera á vettvangi og vera virkur þátttakandi í leikskólastarfi öðlast maður meiri skilning á því sem verið er að vinna með. Margar af þeim aðferðum sem notaðar eru í sérkennslu á leikskólum gætu hentað vel inn í fleiri skólastofnanir. Ég lærði að nýta mér spil til að kenna orðaforða og eitt af því sem skiptir miklu máli er að þeir sem sinna sérkennslu verði að vera duglegir að vinna verkefnið með nemendum eftir dagsformi þeirra, stundum er til dæmis ekki möguleiki á að fara með nemendur í sérkennsluherbergið á þeim tíma sem það er laust vegna þess að nemandi er illa fyrir kallaður.

Þetta var einstaklega áhugavert og skemmtilegt verkefni og mæli ég eindregið með því að þeir sem hafa áhuga á að kynna sér eitthvert námsefni betur, að þeir nýti til þess leiki og sjái hvort það skili ekki þeim ekki betri þekkingu og dýpri skilningi.

Heimildarskrá

Guðni Olgeirsson. (2019, 26.04.) Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og umfjöllun um innleiðingu hér á landi, Mennta og Menningarmálaráðuneytið. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/gudni-olgeirsson.pdf>

Heiða Björk Guðjónsdóttir. (2019, 14.04.) Stuðningur skiptir öllu máli. Sótt af

<http://hdl.handle.net/1946/22975>

Inga Sigurrós Guðnadóttir, Þorbjörg Anna Guðmundsdóttir. (2019, 28.03) Stuðningur við jákvæðahegðurn (PBS) og Skóli án aðgreiningar: Hvernig getur PBS stuðlað að betri árgangri í skóla án aðgreiningar. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16355>

Íris Gunnarsdóttir, Kolbrún Helga Bjarkadóttir. (2019, 27.04.) Gildi snemmtækra íhlutunar á leikskóla árunum. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/9473>

Kristbjörg Ingimundardóttir. (2019, 05.04) Sérkennsla í leikskóla án aðgreiningar. Sótt af

<http://hdl.handle.net/1946/29731>